

SAMSTARFSSAMNINGUR

um skipulagsmál vegna hraðlestar milli Keflavíkurlflugvallar og höfuðborgarsvæðisins

Sveitarfélögin **Reykjanesbær**, kt. 470794-2169, **Sandgerði**, kt. 460269-4829, **Sveitarfélagið Vogar**, kt. 670269-2649, og **Sveitarfélagið Garður**, kt.570169-4329, (Reykjanesbær, Sandgerði, Vogar og Garður hér eftir sameiginlega nefnd „sveitarfélögin“), annars vegar og **Fluglestin-þróunarfélag ehf.**, kt. [] (hér eftir nefnt **þróunarfélagið**), hins vegar, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning (hér eftir nefndur „**samstarfssamningurinn**“) um skipulagsmál vegna hraðlestar sem ætlað er að tengja saman Keflavíkurlflugvöll og höfuðborgarsvæðið, með endastöð á umferðarmiðstöðvarreit (BSÍ) (hér eftir nefnd „**hraðlestin**“):

1. Sveitarfélögin munu í samstarfi við þróunarfélagið, út frá gildandi svæðisskipulagi Suðurnesja, hefja vinnu við nauðsynlegar breytingar á skipulagsáætlunum sínum (hér eftir nefnd „**skipulagsvinnan**“) vegna byggingu og reksturs hraðlestarinnar (hér eftir nefnd „**framkvæmdin**“). Markmiðið með skipulagsvinnunni og samstarfinu er m.a.:
 - Að tryggja hagkvæmni framkvæmdarinnar.
 - Að tryggja að þróunarfélagið geti framkvæmt nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings framkvæmdinni.
 - Að fram fari fagleg greining á samfélagslegum áhrifum framkvæmdarinnar á Suðurnesjum. Þar skal sérstaklega meta áhrif á fasteignaverð, launaþróun og atvinnulíf, m.a. ferðaþjónustu. Í ljósi niðurstöðu þeirrar greiningar verði þess gætt að framkvæmdin stuðli að því að styrka byggð og atvinnulíf á Suðurnesjum m.a. með góðum tengingum fyrirhugaðrar lestarstöðvar við byggð, umferðarmannvirki og samgöngur á yfirborði, með sérstakri áherslu á almenningsamgöngur.
2. Verkefnishópur fyrir skipulagsvinnuna skal skipaður fulltrúum frá sveitarfélögum annars vegar og þróunarfélaginu hins vegar. Á verksviði hans skal vera gerð verk-, tíma og fjárhagsáætlunar, ásamt gerð ábyrgðarskiptingar vegna skipulagsvinnunnar.
3. Skipulagsvinnan skal leidd af skipulagsnefndum hvers sveitarfélags í nánú samráði við þróunarfélagið. Þróunarfélagið mun annast mat á valkostum, greiningarvinnu og skipulagsgerð í samráði við sveitarfélögin. Sveitarfélögin skulu bera kostnað af vinnu skipulagsnefnda og aðkomu eigin sérfræðinga en greiningarvinna og skipulagsgerð skal að öðru leyti greidd af þróunarfélaginu.
4. Aðilar eru sammála um að markmið samstarfsins verði heildstæðar tillögur að breytingu á skipulagi sveitarfélaganna, sem í kjölfarið verði innleiddar í aðal- og deiliskipulag þeirra. Af hálfu sveitarfélaganna skal þess gætt sem kostur er að breytingar á skipulagi nái fram að ganga innan þeirra tímaramma sem skilgreindir verða í verkefninu, s.s. vegna lestarlínu, stöðva og viðhalds- og starfssvæðis.

5. Með samstarfssamningnum veita sveitarfélögin vilyrði fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim og/eða byggingarrétti, ofan eða neðan jarðar vegna framkvæmdarinnar til þróunarfélagsins, skv. nánara samkomulagi.
6. Sveitarfélögin munu af sinni hálfu einnig tryggja nauðsynlegt samstarf í tengslum við framkvæmd og gerð mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.
7. Samstarfssamningurinn gildir til fimm ára frá undirritun eða í tvö ár frá því að forhönnun verkefnisins er lokið, sem þróunarfélagið hefur ár til að vinna, eftir að skipulagsvinnunni lýkur og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir.
8. Meðan samstarfssamningurinn er í gildi skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka ekki þátt í eða gerast aðili, með beinum eða óbeinum hætti, að sambærilegu verkefni við aðra aðila en þróunarfélagið. Hætti þróunarfélagið við verkefnið fellur samstarfssamningurinn úr gildi en þær greiningar, upplýsingar og skipulagsgögn sem orðið hafa til í samstarfinu teljast opinberar og almenningseign.

[Staður og dagsetning]

F. h. Reykjanesbæjar

F.h. Sandgerðis

F.h. Sveitarfélagsins Voga

F.h. Sveitarfélagsins Garðs

F.h. Fluglestarinnar-þróunarfélags ehf.